

Ed.

192. Breytingartillaga

[131. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8 frá 27. febr. 1976, um flugvallagjald.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
 1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal sérstakt gjald, flugvallagjald, er renni til ríkissjóðs, vegna hvers manns sem ferðast með lofffari frá Íslandi til annarra landa. Frá og með 1. janúar 1980 skal tekjum af gjaldi þessu varið til eflingar flugmála.
2. Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar er verði 2. og 3. gr. og orðist svo:
 - a. (2 gr.) 1. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Flugvallagjald skal vera 5 500 kr. fyrir hvern farþega, sem ferðast frá Íslandi til annarra landa, þó 2 750 kr. fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára. Um ferðir til Færeyja og Grænlands gilda þó ákvæði 3. gr.
 - b. (3. gr.) 3. gr. laganna orðist svo:

Flugfélög þau, er annast flutning farþega innanlands eða til Færeyja og Grænlands, skulu greiða í ríkissjóð gjald, er nemi 400 kr. á hvern farþega, er ferðast á þeim leiðum og eldri er en 12 ára. Fyrir farþega á aldrinum 2—12 ára skal greiða hálf gjald. Fyrir farþega yngri en tveggja ára skal ekkert gjald greiða. Einungis skal greitt eitt gjald þó millilent sé milli brottfararstaðar og ákvörðunarstaðar, ef viðdvöl þar er nauðsynleg vegna flugáætlunar og hún varir ekki lengur en sex klukkustundir. Heimilt er að hækka verð farmiða sem gjaldinu nemur. Sé sú heimild notuð skal sú hækkun ósérgreind í verði miðans.